

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð — Yfirlit

A — Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,06 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 240,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,15 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 240,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	6,72 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 110,00 kr/ár

B — Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	23 760,00 kr/ár
	Orkugjald	1,52 kr/kWh
	Aflgjald	5 940,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafli 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	2,75 kr/kWh
	Fast gjald	3 720,00 kr/ár
C.2	Verð á raforku til rofinnar hitunar	
	Orkugjald	1,43 kr/kWh
	Fast gjald	2 410,00 kr/ár
	Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.	

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskilówatti og bætast við mældan afltopp.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnþækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.	Heimt.gjöld:
25A 1 fasa	6 140,00
63A 1 fasa	30 300,00
63A 3 fasa	33 100,00
100A 3 fasa	51 000,00
200A 3 fasa	104 000,00
315A 3 fasa	164 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 900,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 900,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 215, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. mars 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- | | |
|--|--------------------|
| 1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald | 4,84 kr/kWh. |
| 1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald | 6,02 kr/kWh. |
| 1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl: | |
| Aflgjald | 6 468,00 kr/kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 8 048,00 kr/kW/ár |
| Gjald alls | 14 516,00 kr/kW/ár |
| Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu. | |

2. Heimili o. fl.

- | | |
|--|--------------|
| 2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald | 3,88 kr/kWh. |
| 2.2. Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.
Orkugjald | 2,19 kr/kWh. |

3. Vélar o. fl.

- | | |
|--|-----------------------|
| 3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald | 1,42 kr/kWh. |
| Aflgjald | 5 245,00 kr/kW á ári. |

4. Hitun

- | | |
|--|--------------|
| 4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald | 2,52 kr/kWh. |
| 4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.
Orkugjald | 0,96 kr/kWh. |